

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. apríl 1969.

Nr. 70/1969. **Margrét G. Hjaltested f. h. sjálfrar sín og ófjárráða barna sinna, Margrétar, Sigurðar Kristjáns og Karls Lárusar,**
gegna
Magnúsi S. Hjaltested og Unnsteini Beck skiptaráðanda.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 30. október 1968 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð skiptadóms Kópavogs, sem kveðinn var upp 28. september 1968. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að setuskiptaráðandi, Unnsteinn Beck, viki sæti.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og setuskiptaráðanda gert að vikja sæti.

Af hálfu varnaraðilja Magnúsar S. Hjaltesteds hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.

Varnaraðili Unnsteinn Beck hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar um kærana, sbr. 27. gr. laga nr. 57/1962. Þar segir, „að kæranda var kunnugt um niðurstöðu úrskurðarins, áður en kærufrestur var liðinn“. Þessu hefur eigi verið andmælt af hálfu sóknaraðilja. Þar sem kærufrestur var liðinn, þegar úrskurðurinn var kærður, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1962, ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 10. apríl 1969.

Ber að víta þennan óhæfilega drátt af hálfu skiptaráðanda að senda Hæstarétti málskjölin.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður skiptadóms Kópavogs 28. september 1968.

Við opinber skipti á dánar- og félagsbúi Sigurðar Lárussonar Hjaltstedts, Vatnsenda, Kópavogskaupstað, sem andaðist 13. nóvember 1966, og Margrétar G. Hjaltstedts, sem nú eru til meðferðar fyrir skiptarétti Kópavogskaupstaðar, hefur hinn reglulegi skiptaráðandi vikið sæti, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 8. apríl 1967, var Unnsteinn Beck, borgarfégeti í Reykjavík, skipaður til að fara með mál þetta sem setuskiptaráðandi.

Meðal þeirra gagna, sem fyrir liggja við skiptin, er erfðaskrá Magnúsar Hjaltstedts, fyrrum eiganda jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað, dags. 4. janúar 1938, ásamt breytingu, dags. 29. október 1940, þar sem hann gerir Sigurð Lárusson Hjaltsted arfláta að dánarbúi því, sem hér er til skipta, að einkaerfingja sínum, þó, að því er varðar jörðina Vatnsenda, með þeim takmörkunum, að honum er óheimilt að selja hana né veðsetja nema innan þröngra takmarka, og að honum látnum skal jörðin á sama hátt ganga í arf til elzta sonar Sigurðar og svo koll af kalli, meðan sú grein varir í karllegg. Ýmis fleiri ákvæði eru í erfðaskránni varðandi jörðina, en ekki skiptir máli að telja þau hér.

Elzti sonur arfláta af fyrra hjónabandi hans er Magnús Sigurðsson Hjaltsted. Hann gerði kröfu til jarðarinnar úr dánarbúi föður síns samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum í erfðaskrá langafabróður síns, Magnúsar Einarssonar Hjaltstedts. Kröfu þessari var mótmælt af hálfu ekkju arfláta, Margrétar G. Hjaltstedts, sem er sóknaraðili þess máls, sem hér er til úrskurðar. Mótmæli voru einnig höfð uppi af hálfu barna arfláta og nefndrar Margrétar. Var mál um tilkall Magnúsar til jarðarinnar sótt og varið fyrir skiptaréttinum, og féll um það úrskurður 24. júlí 1967 á þá lund, að Magnúsi var áskilinn réttur til að taka við til ábúðar og hagnýtingar jörðina Vatnsenda með þeim takmörkunum og skilmálum, sem settir eru í fyrrnefndri arfleiðsluskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltstedts. Að genginni áfrýjun var úrskurður þessi staðfestur með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 5. apríl s.l.

Á skiptafundi í dánar- og félagsbúinu hinn 4. maí s.l. kom fram krafa frá Magnúsi Hjaltsted um, að honum yrðu þá þegar fengin afnot jarðarinnar Vatnsenda með vísan til hæstaréttar-

dómsins. Á skiptafundi 7. maí s.l. afgreiddi skiptaráðandi þessa kröfu með svofelldri bókun:

„Þá lýsti skiptaráðandi yfir því, að hann afhenti Magnúsi Sigurðssyni Hjaltested, Sólbakka, Vatnsenda, umráð og afnot fasteignarinnar Vatnsenda í Kópavogskaupstað með því, sem henni fylgir og fylgja þer, samkvæmt þeim réttindum, sem honum sem erfingja eru áskilin í erfðaskrá Magnúsar Einarssonar Hjaltesteds, dagsettri 4. janúar 1948 og 29. október 1940, að geymdum rétti þeirra, sem löglega kunna að eiga tilkall til afnota eða annarra réttinda á jörðinni eða hluta hennar ...“.

Ekkja arfláta, áður nefnd Margrét G. Hjaltested, sem situr jörðina, hefur áfrýjað þessari ákvörðun skiptaráðanda til Hæstaréttar. Beiddist þá Magnús S. Hjaltested útburðar á henni af jörðinni. Sérstakur setufogeti fer með útburðarmálið, og hefur hann kveðið upp í því úrskurði um framkvæmd útburðargerðar, sem nú mun vera undir áfrýjun.

Með bréfi, dagsettu 21. maí s.l., óskaði Margrét Hjaltested eftir framhaldsuppskrift á eignum dánarbúsins og fór m. a. fram á, að þá yrðu skrifaðar upp sem eignir búsins ýmsar byggingar og endurbætur á húsum jarðarinnar, sem gerðar hefðu verið, meðan hún og arfláti bjuggu þar. Í þessu bréfi er enn fremur minnt á, að úttekt verði látin fara fram á jörðinni. Með bréfi, dags. 27. júní, var ítrekuð krafa um framhaldsuppskrift og úttekt á jörðinni. Uppskriftin fór fram 4. júlí s.l., og voru þá skráðir og virtir nokkrir lausafjármunir búsins, en hins vegar fór hvorki fram mat né virðing á fasteignum né endurbótum á þeim, enda hafði skiptaráðandi þá þegar afhent erfingjanum Magnúsi Hjaltested umráð jarðarinnar með bókun þeirri í skiptabók, sem áður getur. Ekkjan Margrét Hjaltested hélt fast fram þeirri kröfu fyrir sig og ófjarráða börn sín, að búinu yrði metið endurgjald fyrir nýbyggingar og endurbætur á mannvirkjum á jörðinni, sem hún og maður hennar gerðu. Enn fremur ítrekaði hún kröfu sína um úttekt á jörðinni.

Erfinginn Magnús Hjaltested mótmælti skyldu sinni til að greiða nokkuð fyrir fyrrgreind mannvirki, og af hálfu tveggja annarra erfingja búsins hefur komið fram yfirlýsing um, að þeir standi ekki að kröfugerð um endurgjald fyrir margnefnd mannvirki og endurbætur á byggingum.

Til að ræða þessi atriði voru haldnir nokkrir skiptafundir, og á skiptafundi hinn 9. júlí s.l. afgreiddi skiptaráðandi málið með bókun í skiptabók á þá lund, að þar sem Magnús Hjaltested hefði

mótmælt skyldu sinni til að greiða umræddar kröfur og nokkrir af erfingjunum lýstu yfir því, að þeir styddu ekki kröfugerð á hendur honum í þessa átt, þá gæti skiptaráðandi ekki fyrir hönd dánarbúsins lagt í þann kostnað, sem leiða kynni af slíkri kröfugerð, en hins vegar væri Margréti G. Hjaltested heimilt að hafa uppi slíkar kröfur á eigin kostnað fyrir sína hönd og barna sinna.

Með bréfi til skiptaráðanda, dags. 8. ágúst s.l., krafðist Margrét G. Hjaltested þess, að setuskiptaráðandi viki sæti í málinu, og er sú krafa ítrekuð í bréfi hennar, dags. 26. s. m. Ástæðurnar til þessarar kröfu kveður hún vera þær, að með því að afhenda erfingjanum Magnúsi S. Hjaltested umráð jarðarinnar Vatnsenda sem arfahluta úr dánarbúi föður hans, sbr. bókun þá frá 7. maí s.l., sem getur hér að framan, svo og með því að ráðstafa innheimtu leigutekna af lóðum í landi jarðarinnar til Magnúsar, eftir að honum voru fengin umráð jarðarinnar, hafi skiptaráðandi sýnt hlutdrægni, sem ekki samrýmist því, að hann fari áfram með skiptamálið.

Ákvörðun skiptaráðanda um að afhenda Magnúsi S. Hjaltested umráð jarðarinnar Vatnsenda er byggð á niðurstöðu úrskurðar skiptaréttarins frá 24. júlí 1967, sem hlotið hefur staðfestingu Hæstaréttar. Verður ekki á það fallið, að með henni hafi skiptaráðandi hallað rétti annarra erfingja á neinn hátt, og verður krafa sóknaraðilja ekki tekin til greina á þeim forsendum.

Sóknaraðili hefur hreyft því, að skiptaráðandi hafi sýnt hlutdrægni með því að verða ekki við kröfu hans um að láta fara fram úttekt á jörðinni í sambandi við fyrirhuguð ábúandaskipti.

Sóknaraðili máls þessa hefur setið jörðina Vatnsenda frá andláti eiginmanns síns, og ganga vörzluskipti jarðarinnar beint frá henni til væntanlegs viðtakanda jarðarinnar, án þess að skiptaráðandi hafi f. h. dánarbúsins tekið í sínar hendur búsetu á jörðinni. Lítur skiptaráðandi svo á, að þegar af þeirri ástæðu sé honum óskýlt að hafa frumkvæði að úttekt á jörðinni samkvæmt ábúðarlögum, en sóknaraðilja er hins vegar opin leið sem landseta jarðarinnar að beiðast úttektar án milligöngu skiptaráðanda.

Loks hefur sóknaraðili átalið afskipti skiptaráðanda af útburðarmáli Magnúsar S. Hjaltesteds á hendur henni, er útburð skyldi framkvæma hinn 7. maí s.l. Skiptaráðandi var viðstaddur þinghald í fógetadómi að Vatnsenda þennan dag til þess að gæta hagsmuna dánarbúsins, ef til útburðar kæmi. Til þess kom þó ekki, að þess þyrfti, þar sem útburðargerðinni var í það skipti frestað. Afskipti skiptaráðanda af því máli voru þau ein, að fyrir

beiðni umboðsmanns sóknaraðilja þessa máls leitaði hann samkomulags með málsaðiljum um frestun útburðargerðarinnar með þeim árangri, að báðir málsaðiljar féllust á miðlunartillögu, sem hann átti frumkvæði að, og frestur var veittur að svo stöddu á framkvæmd gerðarinnar.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður ekki á það fallizt, að aðgerðir setuskiptaráðanda í skiptamáli þessu gefi nein efni til þess, að hann víki sæti í málinu. Krafa sóknaraðilja í þá átt verður því ekki tekin til greina.

Málskostnaðar er ekki krafizt í þessum þætti skiptamálsins.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja, Margrétar G. Hjaltesteds, um, að setuskiptarándi víki sæti í skiptamáli þessu, er ekki tekin til greina.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt.
